

**Nd.**

**376. Breytingartillögur**

[51. mál]

við frv. til 1. um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Við 7. gr. 2. mgr. hljóði svo:  
Eigi er heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna, skotfæra eða sprengiefna nema með sérstöku leyfi dómsmálaráðherra, sem setur frekari reglur um innflutning greindra efna og tækja.
2. Við 14. gr. 3. mgr. orðist svo:  
Handhöfum skotvopnaleyfa ber að endurnýja leyfi sín á 10 ára fresti og gera þá grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem þeir hafa leyfi til að fara með.
3. Eftir 14. gr. komi ný gr., sem verði 15. gr. og hljóði svo:  
Skotvopnaleyfi skal greiða með grundvallarverði meðaldilks að hausti, og skal gjald þetta renna í sjóð sem varið skal til námskeiða í meðferð skotvopna. Skal gjaldið ákveðið skv. þessu hinn 1. nóv. ár hvert fyrir fram. Námskeið í meðferð skotvopna skulu lögreglustjórar halda árlega í septembermánuði. Skal það standa einn dag og eigi skemur en átta klukkustundir. Í lok þess ganga nemendur undir hæfnipróf.
4. Við 15. gr. (sem verður 16. gr.).
  - a. 1. mgr. falli brott.
  - b. Nýr liður 2. mgr., er verði 2. liður, hljóði svo:  
Hefur sótt námskeið lögreglustjóra í meðferð skotvopna.
  - c. 3. liður 2. mgr. (sem verður 4. liður) hljóði svo:  
Hefur staðist hæfnipróf í lok skotvopnanámskeiðs, er andlega heilbrigður og er að öðru leyti hæfur til að fara með skotvopn.
5. Við 23. gr. (sem verður 24. gr.) bætist: í samráði við sérfróða menn.
6. Við 32. gr. (sem verður 33. gr.). Upphaf 3. mgr. hljóði svo:  
Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt o. s. frv.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Eftir 1. másl. 1. tölul. komi:  
Fyrir leyfin skal greitt skv. 15. gr. Skulu fyrrverandi leyfishafar sýna þekkingu sína á meðferð þeirra vopna, sem þeir sækja um leyfi til, en eru undanþegnir ákvæði 16. gr. um að hafa sótt námskeið.